

AUGLÝSING

um nýja lyfsöluskrá II.

197
23. sept.

Frá og með 1. október 1952 gengur í gildi ný lyfsöluskrá II, útgefin af þessu ráðuneyti 19. þ. m.

Heilbrigðismálaráðuneytið, 23. september 1952.

Steingrímur Steinþórsson.

Gústav A. Jónasson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 195 15. nóv. 1951, um hina almennu deild hlutatryggingasjóðs bátaútvegsins.

198
25. sept.

1. gr.
3. gr. b. 5. reglugerðarinnar orðist svo:
5. svæði: Sléttanes — Horn.
1. janúar — 31. maí.
1. október — 31. desember.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast gildi þegar í stað.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 48 25. maí 1949, um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 25. september 1952.

Ólafur Thors.

Gunnlaugur E. Briem.

REGLUGERÐ

um viðauka við reglugerð nr. 188 1. okt. 1947, um mótornámskeið.

199
1. okt.

1. gr.
- Á minna og meira námskeiðinu skal — auk þess, er greinir í reglugerð nr. 188 1917, — kenna meðferð og umhirðu eftirtalinnna tækja: talstöðva, viðtækja, miðunarsstöðva og dýptarmæla, ásamt búnaði þessara tækja í skipum.
- Kennslustundir í þessari grein skulu vera minnst 24.

2. gr.
- Að loknu námi skal jafnhliða mótörvélstjóraprófi halda próf í þessari grein. Skal það haldið af hinni skipuðu prófnefnd ásamt einum sérfróðum prófdómara, er Landssími Íslands tilnefnir.